



## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 30. apríl 2021

### Samvinna í skólakerfinu tryggir hnökralausa bólusetningu

Bólusetning gegn Covid-19 gengur vel og stefnt er að því að ljúka fyrri bólusetningu áhættuhópa á næstu dögum. Í framhaldinu hefst bólusetning starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum, vonandi strax í næstu viku.

Mikilvægt er að starfsfólk skólanna mæti til bólusetningar á boðuðum tíma, svo framkvæmdin gangi hratt og vel. Skipulagið tekur mið af aðstæðum, tegund bólaefnis í notkun á hverjum tíma og fleiri þáttum, en ekki þörfum vinnuveitenda eða einstaklinga. Skólastarf gæti því raskast í einhverjum tilvikum, en með góðri samvinnu allra lykilaðila má lágmarka óþægindin af þessum langþráða áfanga. Ég hvet skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk skólanna, nemendur og fjölskyldur þeirra til að sýna þolinmæði og viðeigandi skilning svo þetta mikilvæga samfélagsverkefni gangi vel fyrir sig.

Hljýjar kveðjur,

Lilja D. Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra

